

Mánudaginn 29. október 1956.

Nr. 110/1955. Soffía P. Mainolfi (Magnús Thorlacius)

gegn

Meitlinum h/f og gagnsök

(Vilhjálmur Jónsson).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson og Árni Tryggvason
og prófessorarnir Ármann Snævarr, Ólafur Jóhannesson og
Theodór B. Lindal.

Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. ágúst 1955 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 678.732.48 með 6% ársvöxtum frá 6. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins og að viðurkenndur verði lögveðréttur í bifreiðinni X 351 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. ágúst 1955 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi vill una ákvæði héraðsdóms um sök á slysi því, er í málinu greinir.

Þau aðaláfrýjandi og Albert heitinn Mainolfi gengu í hjónaband hinn 24. desember 1944.

Aðaláfrýjandi varð fyrir mikilli röskun á stöðu og högum við missi eiginmanns síns. Ætla má, að lát hans hafi valdið henni nokkru fjártjóni, þótt eigi séu gögn fyrir hendi til að telja það mikið, þá er litið er til atvinnuhátta hans, meðan hjúskapur þeirra stóð.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr.

5000.00, og á aðaláfrýjandi lögveðrétt í bifreiðinni X 351 til tryggingar þeirri fjárhæð.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Gagnáfrýjandi, Meitillinn h/f, greiði aðaláfrýjanda, Soffíu P. Mainolfi, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, og á aðaláfrýjandi lögveðrétt í bifreiðinni X 351 til tryggingar þeirri fjárhæð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Árna Tryggvasonar hæstaréttardómara og Ólafs Jóhannessonar prófessors.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi lýst því, að hann uni þeirri úrlausn héraðsdóms, að hann beri að öllu fébótaábyrgð vegna slyss þess, er í málinu greinir.

Við teljum eigi, að gögn málsins leiði í ljós, að aðaláfrýjandi hafi misst framfærandi við andlát manns síns. Hins vegar er sýnt, að hún hefur af þeim sökum hlotið röskun á stöðu og högum, og teljum við bætur fyrir þá röskun hæfilega ákveðnar kr. 50.000.00. Teljum við því, að gagnáfrýjanda beri að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og kr. 8000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Einnig ber að viðurkenna lögveðrétt aðaláfrýjanda í bifreiðinni X 351 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð okkar er því þannig:

Gagnáfrýjandi, Meitillinn h/f, greiði aðaláfrýjanda, Soffíu P. Mainolfi, kr. 50.000.00 með 6% ársvöxtum frá 6. júlí 1953 til greiðsludags og kr. 8000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á aðaláfrýjandi lögveðrétt í bifreiðinni X 351 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júní 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Soffía P. Mainolfi kaupkona, Laugavegi 12, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 22. maí 1954, gegn Meitlinum h/f, Þorlákshöfn, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 678.732.48, með 7% ársvöxtum frá 6. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi krafizt lögveðs í bifreið stefnda, X 351, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi vaxtakröfuna í 6% p. a.

Samvinnutryggingum, gagnkvæmri tryggingarstofnun, hefur verið stefnt til réttargæzlu, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hefur félagið engar kröfur gert.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en til vara, að kröfur stefnandi verði stórlækkaðar og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 6. júlí 1953, kl. tæplega 05,30, varð árekstur á Reykjanesbraut, skammt fyrir norðan Hlíðarveg í Kópavogi, milli bifreiðanna R 5582 og X 351 með þeim afleiðingum, að bandarískur maður, Albert Mainolfi, eiginmaður stefnandi, er var farþegi í bifreiðinni R 5582, hlaut svo mikil meiðsl, að hann lézt skömmu síðar á leið í sjúkrahús. Aðrir farþegar, sem í bifreiðunum voru, svo og báðir bifreiðastjórnarnir slösuðust meira og minna, en enginn þó alvarlega. Bifreiðin X 351, sem var vöruflutningabifreið, eign stefnda, var að koma frá Þorlákshöfn á leið til Reykjavíkur. Auk bifreiðarstjórans, Benedikts Thorarensens, framkvæmdarstjóra stefnda, var einn farþegi í bifreiðinni, Hannes Hjartarson, til heimilis í Þorlákshöfn. Bifreiðin R 5582, sem var 5 manna fólksbifreið, var á leið frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar. Bifreiðinni ók Sigurður Ingvarsson, Barmahlíð 20, en farþegar í henni voru þrír Bandaríkjamenn: Angelo Richard Ferrentino, Griffith Scobie og Albert heitinn Mainolfi. Skömmu eftir slysið komu þrír lögregluþjónar á vettvang og um líkt leyti sjúkrabifreið, og voru þeir hinna slösuðu, er þess þurftu, fluttir í Landsspítalann. Hemlaför bifreiðanna voru mæld og uppdrættir gerðir af slystaðnum, þar sem sýnd voru hemlaför bifreiðanna og staða þeirra á veginum eftir áreksturinn.

Munu þeir, sem í bifreiðunum voru, hafa allir komið fyrir dóm og borið vætti um slysið. Verða framburðir þeirra nú raktir í aðalatriðum.

Vitnið Sigurður Ingvarsson kveðst hafa ekið að heiman frá sér kl. tæplega 05,00 umræddan morgun. Ók vitnið fyrst heim til Mainolfi heitins að Laugavegi 12, þaðan til Scobie að Mánagötu 22 og loks til Ferrentino að Snorrabraut 75, en þaðan var haldið áleiðis til Keflavíkurflugvallar, og var kl. þá um 05,00. Vitnið telur, að það hafi ekið með 35—40 km hraða, miðað við klukkustund, suður Reykjanesbraut og kveðst hafa haldið sig á vinstra vegarhelmingi. Veður var drungalegt og ef til vill nokkur rigning, en þó kveðst vitnið hafa haft góða útsýn úr bifreiðinni yfir veginn. Vitnið varð vart bifreiðarinnar X 351, töluvert löngu áður en áreksturinn varð, og var henni þá ekið á sínum vinstra vegarhelmingi. Um hraða þeirrar bifreiðar getur vitnið ekki sagt. Ekki hvarflaði að vitninu, að hætta væri á ferðum, og dró það ekkert úr hraðanum. Skyndilega var X 351 snarbeygt yfir á vinstri vegarhelming vitnisins, og var þá stutt bil á milli bifreiðanna. Var engu líkara en stjórnandinn hefði misst vald á bifreiðinni. Vitnið gerir sér ekki grein fyrir, hvort það hemlaði í sama bili, en álitur sig hafa gert það. Ekki kveðst vitnið hafa orðið vart við, að dregið væri úr hraða X 351, en hemlaför hafi það séð eftir bifreiðina á veginum. Vitnið kveðst ekki vita, hver hraði bifreiðar þess var í þann mund, er áreksturinn varð, en áreksturinn segir vitnið að orðið hafi með þeim hætti, að hægra framhorn X 351 hafi lent beint framan á bifreið vitnisins. Við áreksturinn, sem var mjög harður, köstuðust bifreiðarnar næstum þversum á veginum, og vissi bifreið vitnisins í vestur, en bifreiðin X 351 í norðvestur, að árekstrinum afstöðnum.

Vitnið Angelo Richard Ferrentino, er sat í framsæti R 5582 við hlið bifreiðarstjórans, kveðst ekki vita, hve hratt R 5582 hafi verið ekið, en áætla, að hraðinn hafi verið um 35 mílur á klukkustund. Einhvers staðar milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur kveðst vitnið hafa komið auga á bifreið, er kom á móti. Hafi hún þá verið í um 100 feta fjarlægð og verið ekið á sínum vinstra vegarhelmingi. Hafði bifreiðin stöðuljós tendruð. Um það leyti, sem vitnið kom auga á bifreiðina, var henni sveigt inn á sinn hægri vegarhelming, og er vitninu ekki ljóst, hvort stjórnandi R 5582 dró þá úr ferðinni. Vitnið kveður það álit sitt, að stjórnandi bifreiðarinnar, sem kom á móti, hafi ætlað að beygja inn á hliðarbraut, en við það hafi hann misst stjórn á bifreiðinni. Vitninu virtist bifreið þessari vera ekið greitt og ætla, að hraði hennar hafi verið a. m. k. 45—50 mílur á klukkustund. Virtist vitninu stjórnandi hennar ætla að sveigja yfir á vinstri vegarhelming, er hann náði eigi beygjunni, en hann hafi þá misst stjórn

á bifreiðinni, eins og að framan greinir. Ekki kveðst vitnið hafa orðið vart við, að X 351 væri hemlað, og ekki tók það eftir því, hvort stjórnandi R 5582 hemlaði. Er árekstur virtist óumflýjanlegur, sveigði stjórnandi R 5582 til hægri, að því er vitnið ætlar, en í því sveigði stjórnandi X 351 yfir á sinn vinstri vegarhelming. Kveður vitnið bifreiðarnar hafa skolið saman hægra megin að framan. Vitnið missti meðvitund við áreksturinn. Var því ekið í sjúkrahús af slyssaðnum, en síðan flutt heim. Hlaut vitnið aðallega meiðsl á höfði og vinstra fæti.

Vitnið Griffith David Scobie kveðst hafa setið í aftursæti R 5582 vinstra megin. Ekki aðgætti vitnið, hver hraði R 5582 var, en álitur, að hann hafi ekki verið meiri en 35 mílur. Vitnið kveður R 5582 hafa verið á réttum vegarhelmingi, meðan það veitti akstri bifreiðarinnar athygli. Nokkru áður en áreksturinn varð, kveðst vitnið hafa mókt. Er vitnið beygði sig lítið eitt áfram til þess að fara úr öðrum skónum, kveðst það í sömu andrá hafa orðið vart við eitthvað grænt eða bifreið, er var um 15 fet fyrir framan R 5582. Kveðst vitnið hafa orðið þess vart á þessu augnabliki, að stjórnandi R 5582 hemlaði, en rétt í því hafi bifreiðarnar rekið saman. Ekki kveðst vitnið hafa veitt því athygli, að stjórnandi R 5582 hægði ferðina, nokkru áður en áreksturinn varð. Er vitnið hafði aðstoðað Ferrantino við að komast út úr bifreiðinni, en hann mun hafa skolið á framrúðuna hægra megin og rotast, fór það að athuga Mainolfi heitinn. Lá hann á hliðinni í aftursætinu, og hvíldi höfuð hans, þar sem vitnið hafði setið. Var lífsmark með Mainolfi heitnum, en úr andliti hans blæddi mikið. Var andardráttur hans hægur, en þungur og hryglukenndur. Ekki kveðst vitnið hafa hreyft við Mainolfi, en reyndi að hlúa að honum eftir föngum. Vitnið telur, að Mainolfi heitinn hafi lent á málmræmu, sem var aftan á baki framsætisins, og kastast síðan aftur. Markar vitnið það af því, að í málmræmu þessari var dæld, eins og enni hans hefði lent þar. Vitnið hlaut ekki veruleg meiðsl við áreksturinn, einungis mar og skrámur, einkum á fæti.

Vitnið Guðmundur Sigurgeirsson lögregluþjónn, er kom á vettvang skömmu eftir áreksturinn, skýrir svo frá, að bifreiðarnar hafi verið þversum á veginum, er lögreglan kom að, og snúið næstum í sömu átt eða til vesturs. Vitnið ætlar, að hemlaför eftir R 5582 hafi verið um 3 metrar. Hemlaför eftir hægra afturhjól X 351 hafi reynzt vera um 16 metrar, en hins vegar hafi ekki verið gott að greina hemlaför eftir hitt afturhjólið vegna mikilla hjólfara á akbrautinni.

Vitnið Baldur Kristjánsson lögregluþjónn gerði uppdrátt af

slysstaðnum, sem lagður hefur verið fram í málinu. Uppdrátt þenna hefur vitnið staðfest fyrir dómi. Kveður vitnið 16.30 metra hafa verið frá Hlíðarvegi að R 5582. Skrifaði vitnið þetta hjá sér. Vitnið segir, að far eftir hægra afturhjól X 351 hafi verið um 16 metra og hafi það náð frá Hlíðarvegi. Telur vitnið, að far þetta hafi myndast, vegna þess að hemlum var beitt. Hemlaför eftir R 5582 kveður vitnið hafa verið greinileg.

Benedikt Thorarensen, er ók bifreiðinni X 351, hefur skýrt svo frá, að sunnudaginn 5. júlí hafi hann verið staddur á Selfossi. Um kvöldið kveðst hann hafa verið á dansleik í Selfossbíó og verið þar öðru hverju um kvöldið. Kveðst hann hafa neytt lítils háttar áfengis og fundið til áfengisáhrifa, er þó hafi horfið strax, og eigi hafi hann fundið til neinna slíkra áhrifa, er hann fór frá Selfossi, en þaðan ók hann milli kl. 1.00 og 1.30 til Þorlákshafnar. Þegar þangað kom, hitti hann Hannes Hjartarson útibússtjóra, og ákváðu þeir að aka skömmu síðar til Reykjavíkur. Skrapp Benedikt fyrst heim til sín og fékk sér matarbita, en síðan lögðu þeir félagar af stað. Ók Benedikt bifreiðinni, sem var X 351. Kveðst hann hafa ekið á um 45 km hraða, eftir að hann kom á veginn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og einskis áfengis kveðst hann hafa neytt á leiðinni. Ekki minntist hann þess, að sig syfjaði á leiðinni, og hvorki kveðst hann hafa verið þreyttur né illa fyrir kallaður. Benedikt kveðst ekki hafa vitað annað en að hann hafi ekið á sínum vinstra vegarhelmingi, og getur hann hvorki gert sér grein fyrir því, hvernig áreksturinn varð, né hver orsök hans var. Kveðst hann ekki hafa orðið var bifreiðarinnar R 5582, fyrr en rétt áður en áreksturinn varð. Fannst honum R 5582 stefna á sig, og sveigði þá sinni bifreið til vinstri og hemlaði, en í sama bili varð áreksturinn. Blóðsýnishorn var tekið úr Benedikt, og fundust í því „reducerandi“ efni, er samsvara 0.96% af alkóhóli.

Vitnið Hannes Hjartarson, er var farþegi í bifreiðinni X 351, telur, að bifreiðinni hafi verið ekið fremur rólega, og kveðst það ekkert hafa fundið athugavert við aksturinn. Ekki kveðst vitnið hafa séð áfengisáhrif á stjórnanda X 351, og hafi því ekki dottið í hug, að hann hefði bragðað áfengi. Virtist vitninu hann hress og kveðst ekki hafa orðið þess vart, að hann syfjaði. Hins vegar syfjaði vitnið og dottaði a. m. k. einu sinni, þar til sunnan við Hafnarfjörð að vitnið sofnaði og vaknaði ekki fyrr en að árekstrinum afstöðnum. Hlaut vitnið höfuðhögg og rankaði ekki við sér, fyrr en það var að stíga upp í sjúkrabifreiðina. Hefur því vitni

þetta engar upplýsingar getað gefið um áreskturinn eða tildrög hans.

Af hálfu ákærvaldsins var höfðað refsímál gegn stjórnanda X 351 vegna atburðar þessa. Með dómi sakadóms Árnassýslu, upp kveðnum 21. janúar 1954, var stjórnandi X 351 talinn hafa brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 17. gr. laga nr. 33/1935 sbr. 1. mgr. 37. gr. sömu laga, 3. mgr. 23. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 23/1941 svo og 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og 3. mgr. 23. gr. sömu laga, 2. gr., 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1941 og loks gegn 215. gr. laga nr. 19/1940.

Dómi þessum mun eigi hafa verið áfrýjað.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að X 351 hafi verið ekið ranglega og, að því er virðist, að tilefnislausu yfir á sinn hægri vegarhelming skömmu fyrir áreksturinn, og eftir atvikum ógætilega og of hratt. Stjórnandi bifreiðarinnar hafi verið illa fyrirhallaður vegna svefnleysis og undanfarandi neyzlu áfengis. Svo virðist því sem hann hafi átt alla sökina á árekstrinum.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að stjórnandi R 5582 eigi alla sök á slysinu, þar sem orsök þess hafi verið sú, að hann hafi vikið til hægri á veginum, um leið og bifreiðarnar mættust, en stjórnandi X 351 haldi því fram, að hann hafi ekið bifreið sinni eftir vinstri helmingi vegarins, enda hafi bifreið hans verið á þeim vegarhelmingi, er hún stöðvaðist eftir áreksturinn. Þá véfengir stefndi, að hjólfar X 351 sé rétt merkt á uppdrætti Baldurs Kristjánssonar lögregluþjóns, og bendir á, að stjórnandi R 5582 hafi ekkert dregið úr hraða bifreiðar sinnar, áður en áreksturinn varð, og að hann hafi ekið óhóflega hratt.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að verði eigi á það fallið, að stjórnandi R 5582 eigi alla sök á slysinu, sé vafalaust, að um nokkra sök hafi verið að ræða hjá honum, og beri því að skipta sökinni.

Af skýrslum þeim, sem raktar hafa verið hér að framan, og lýsingu á afstöðu bifreiðanna á slysstaðnum má telja sannað, að stjórnandi X 351 hafi skyndilega sveigt bifreið sinni yfir á sinn hægri vegarhelming og ekið þannig nokkurn spöl með þeim afleiðingum, að bifreið hans rakst á R 5582, er kom á móti á sínum vinstri vegarhelmingi. Verður því að telja, að ökumaður X 351 hafi með þessum gálausa og ógætilega akstri átt alla sök á slysi því, er af hlaut, enda hefur ekkert komið fram í málinu, er bendi til, að stjórnandi R 5582 hafi ekið ógætilega í umrætt skipti, enda verður honum ekki gefið að sök, þótt hann sveigði

lítið eitt til hægri handar í árekstraraugnablikinu í því skyni að forða slysi.

Eins og þegar er rakið, var X 351 eign Meitilsins h/f, stefnda í máli þessu, og ökumaður bifreiðarinnar starfsmaður fyrirtækisins, en hann hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi verið á leið til Reykjavíkur í erindum stefnda í umrætt sinn. Samkvæmt því og með vísan til þess, er áður sagði um stjórnanda X 351, ber stefnda að bæta stefnandi að fullu það tjón, er hún hefur beðið af slysi þessu.

Stefnandi hefur fengið tryggingarfræðing til að reikna út tjón sitt. Útreikning sinn byggir hann á upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu frá tveim starfsmönnum Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck félaganna á Keflavíkurflugvelli um starf og kjör hins látna manns hjá félögum þessum, en í þjónustu þeirra hafði hann ráðizt 27. maí 1953, eða 5 vikum áður en hann lézt. Segir svo orðrétt í álitsgerð tryggingarfræðingsins: „ég reiknaði með \$78.00, miðað við 48 vinnustundir á viku frá slysdegi til ársloka 1953, og \$98.00 frá 1. janúar 1954, miðað við sama fjölda vinnustunda á viku, og reiknaði árstekjur jafnar 50 slíkum vikulaunum, en það samsvavar 2400 vinnustundum á ári.

Niðurstaðan verður þá, eða nánar tiltekið *kapitalverð hálfra launa* manns á aldri og í stétt Alberts Mainolfi, frá slysdegi og svo lengi sem líf og starfskraftar endast samkvæmt líkindareikningi, nemur þann 6. júlí 1953

\$ 35.589.00

og er þá reiknað með 4% vöxtum p. a.

Samkvæmt hérlandri reynslu samsvarar niðurstaðan því, að manni á aldri Alberts Mainolfi, þegar slysið bar að, endist starfskraftar til tæplega 66 ára aldurs.

Af bréfum þeirra Mr. John Chandler, labor relations manager, og Mr. Mack G. Hall, camp manager, má ráða, að miklar líkur hafi verið til þess, að Albert Mainolfi hefði hlotið hækkun í Guard Captain stöðu, þegar slík staða hefði losnað, með þar til svarandi hærri vikulaunum, \$ 92.00, miðað við 40 vinnustunda viku, eða sem svarar \$ 117.60, miðað við 48 vinnustunda viku. Af ummælum yfirmanna Mr. Alberts Mainolfi í fyrrnefndum bréfum má telja líklegt, að þess hefði ekki orðið langt að bíða, að Mr. Albert Mainolfi hefði hlotið þessa hækkun í stöðu. Sama kemur fram í bréfi Mr. Griffith Scobie's, yfirmanns Mr. Mainolfis, sem segir, að hann hafi haft þann ásetning að hækka hann í shift chief stöðu með \$ 161.00 vikulaunum, miðað við 60 vinnustunda viku, en það jafngildir fyrrnefndum launum í guard captain's stöðu. Hækk-

un í stöðu, sem hér getur, má að sjálfsögðu meta til hækkunar á fyrrnefndu kapitalverði. Ef gert er ráð fyrir, að Mr. Mainolfi hefði hlotið þessa stöðu, áður en liðin voru 5 ár frá ráðningu hans hjá Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies, hefði samsvarandi hækkun á kapitalverði heildartekna hans numið yfir \$ 10.000.00, eða sem svarar \$ 5.000.00 til hækkunar dánarbótum til eftirlifandi ekkju, sem að framan getur, \$ 36.589.00, þannig að þær, að þessu meðreiknuðu, nema

\$ 41.589.00

þann 6. júlí 1953. Við útreikning á fyrrnefndri lágmarkshækkun kapitalverðs er aðeins reiknað með 48 vinnustunda viku og samsvarandi vikulaunum \$ 117.60.“

Stefnandi hefur lagt þenna útreikning hins sérfróða manns til grundvallar kröfum sínum, þó þannig að hún telur þar með bætur fyrir röskun þá á stöðu og högum, sem hún hafi orðið fyrir við lát eiginmanns síns.

Að því er fjárhæð bótakröfunnar varðar, bendir stefndi á, að við kaup Mainolfis heitins fyrir hinn stutta tíma, er hann hafði unnið á Keflavíkurflugvelli, sé ekki hægt að miða dánarbætur. Til þess að unnt sé að áætla, hverjar tekjur hans mundu hafa orðið, hefði honum enzt aldur, þurfti að miða við tekjur hans fyrir nokkur liðin ár. Bætur þær, er stefnandi kunni að eiga rétt á vegna fráfalls manns hennar, hljóti að miðast við það fjárhagslega tjón, sem hún hafi orðið fyrir vegna láts mannsins. Hafi hann haft tekjur, sem runnið hafi í félagsbú þeirra, og þær tekjur hafi numið meiru en framfærslu þeirri, sem hann hafi notið frá búinu, þá hafi stefnandi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, ella ekki.

Er Albert Mainolfi lézt, var hann 38 ára að aldri, en stefnandi 51 árs. Þau áttu ekki börn. Á skattaframtölum hjónanna fyrir árin 1945—1953, er lögð hafa verið fram í málinu, eru eigi taldar fram neinar tekjur, er hinn látni hafi haft á öllu því tímabili, utan ca \$ 500.00, er voru tekjur hans fyrir tímabil það, er hann vann á Keflavíkurflugvelli, áður en hann lézt. Kaupkvittanir frá bandarísku flugfélagi, American Airlines Inc., sem eru meðal gagna málsins, bera það með sér, að Mainolfi heitinn hefur haft h. u. b. \$ 650.00 í tekjur fyrir störf hjá því haustið 1952. Um frekari tekjur hans á greindu tímabili hér á landi eða erlendis liggja eigi fyrir upplýsingar í málinu. Hins vegar bera nefnd skattaframtöl það með sér, að stefnandi hefur allan þann tíma, er þau ná yfir, rekið hattaverzlun og saumastofu í sambandi við hana. Hreinar tekjur af atvinnurekstri þessum árið 1953 námu

samkvæmt skattaframtali fyrir það ár kr. 41.360.68. Eigi er neitt það komið fram í málinu, er gefur til kynna, að Mainolfi heitinn hafi starfað við fyrirtæki þetta, en sýnt þykir, að hjónin hafi a. m. k. að mjög verulegu leyti haft framfæri af atvinnurekstri þessum.

Þegar þetta allt er virt, sem að framan hefur verið rakið um hag þeirra hjónanna, stefnandi og Mainolfis heitins, þykja hæfilegar bætur til hennar bæði fyrir fjártjón það, er hún hefur beðið, og röskun þá á stöðu og högum, er hún hefur orðið fyrir við fráfall eiginmanns síns, kr. 70.000.00.

Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnandi kr. 70.000.00 með vöxtum, svo sem krafist er.

Þá greiði stefndi stefnandi málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 7500.00.

Stefnandi á lögveðrétt í bifreiðinni X 351 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Meitillinn h/f, greiði stefnandi, Soffiu P. Mainolfi, kr. 70.000.00 með 6% ársvöxtum frá 6. júlí 1953 til greiðsludags og kr. 7500.00 í málskostnað.

Stefnandi á lögveðrétt í bifreiðinni X 351 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.